



Alþingi
Erindi nr. P 141/945
komudagur 10.12.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2012

1202055SA GB
Málalykill: 203

Efni: Umsögn um frv. til laga um gatnagerðargjald, 290. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. desember 2012, þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.


Innanríkisráðherra leggur frumvarpið fram á Alþingi að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tílefni þess er að enn er nokkuð um ómalbikaðar götur á þéttbýlisstöðum og er sú heimild sem veitt er í bráðabirgðaákvæði við lög um gatnagerðargjald mikilvæg forsenda þess að hægt verði að ljúka þessum framkvæmdum. Sú þriggja ára framlenging sem lögð er til í frumvarpinu ætti að nægja allmörgum sveitarfélögum til að ljúka þessu verkefni. Er það álit sambandsins að ekki sé raunhæft að ljúka framkvæmdum á skemmri tíma en þremur árum.

Eins og fram kemur í fylgiskjali við frumvarpið er gert ráð fyrir að tekjumissir sveitarfélaga sem málið varðar geti orðið um 214 milljónir króna ef frumvarpið nær ekki fram að ganga.

Vert er að benda á að fyrsta umræða um frumvarpið fór fram um málið 25. október sl. og hefði verið tílefni til þess að senda það fyrir til umsagnar, eins og raunar virðist hafa verið ætlun nefndarinnar á fundi 7. nóvember 2012 þar sem málið var tekið fyrir. Þrátt fyrir þennan annmarka á málsmeðferð styður sambandið eindregið að frumvarpið verði að lögum fyrir lok þessa árs.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri